

Sent Umhverfisstofnun

Reykjavík 17. desember 2003
2003120007/016-0
SB/hj

Fjölgun vargfugls

Vísað er til erindis yðar frá 11. desember um ofangreint efni.

Hugtakið "vargfugl" er ekki skilgreint í íslenski löggjöf sem fjallar um fuglavernd og veiðar (sbr. lög nr. 64/1994) en í 2. gr. reglugerðar um meindýra nr. 149/1989 segir "Vargfugl (svartbakur og hrafn) telst einnig til meindýra, þegar hann veldur umtalsverðum óhreinindum eða tjóni í æðarvarpi, í eða við hýbýli manna, í peningahúsum, í fyrirtækjum, í vöruskemmum og vatnsbólum". Hugtakið "vargfugl" hefur í almennu tali verið notað yfir mjög margar fuglategundir allt frá skógarþröstum (vargar í gróðurhúsum) til álfta (vargar í túnum) að ógleymdum máfum, hröfnum, fálkum og örnunum.

Í ljósi ofangreinds fer Náttúrufræðistofnun Íslands vinsamlega fram á það að Umhverfisstofnun skilgreini hvað við er átt er við með hugtakinu "vargfugl" og hvaða fuglategundir teljist til vargfugla. Ef einungis er átt við svartbak og hrafn hefur ekki verið um fjölgun að ræða á undanförunum áratugum enda báðar tegundirnar á valista. Í öðru lagi er Umhverfisstofnun vinsamlega beðin að skilgreina nánar við hvaða tímabil er átt í erindinu þegar spurt er "hver þróunin hafi verið varðandi fjölgun vargfugls í landinu" - þ.e. er átt við undanfarin 10 ár, 20 ár, 50 ár?

Virðingarfyllst,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

